

SKÝRSLA FLUGRÁÐS

Júní 2010

Gunnlaugur S. Stefánsson, formaður
Gísli Baldur Garðarsson, varaformaður
Jóna Kristín Þorvaldsdóttir
Árni Gunnarsson
Jens Bjarnason
Lárus Atlason
Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir, ritari

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
1.0 Skipan flugráðs	3
2.0 Helstu mál á dagskrá flugráðs.....	3
3.0 Bókanir flugráðs.....	4
3.1 Á 1553. fundi flugráðs 17. desember 2009.....	4
Vegna nýrrar stöðu varðandi aðlögun á útblásturstilskipun ESB í flugi.	4
4.0 Dagskrárliðir á 1549. – 1558. fundum flugráðs.....	4
4.1 1549. fundur flugráðs 29. apríl 2009	5
4.2 1550. fundur flugráðs 12. júní 2009.....	5
4.3 1551. fundur flugráðs 17. september 2009	5
4.4 1552. fundur flugráðs 15. október 2009.....	5
4.5 1553. fundur flugráðs 17. desember 2009	6
4.6. 1554. fundur flugráðs 24. febrúar 2010	7
4.7 1555. fundur flugráðs 9. mars 2010.....	7
4.8 1556. fundur flugráðs 8. apríl 2010	7
4.9 1557. fundur flugráðs 17. maí 2010.....	7
4.10 1558. fundur flugráðs 7. júní 2010.....	7

1.0 Skipan flugráðs

Nýtt flugráð var skipað af samgönguráðherra Kristjáni L. Möller á haustdögum 2007. Margrét Kristín Helgadóttir og Helgi Hilmarsson hafa frá þeim tíma látið af störfum samkvæmt eigin ósk.

Flugráð er í dag skipað eftirfarandi mönnum:

- Gunnlaugur S. Stefánsson, formaður, skipaður án tilnefningar,
- Gísli Baldur Garðarsson, varaformaður, skipaður án tilnefningar,
- Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, skipuð án tilnefningar,
- Árni Gunnarsson, skipaður samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins,
- Jens Bjarnason, skipaður samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins,
- Lárus Atlason, skipaður samkvæmt tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar.
- Kristján Sveinbjörnsson, varamaður, skipaður án tilnefningar

2.0 Helstu mál á dagskrá flugráðs

Flugráð undir forystu Gunnlaugs S. Stefánssonar hefur haldið tíu fundi frá því ráðið skilaði samgönguráðherra skýrslu um störf sín í lok apríl 2009. Allir tíu fundir flugráðs voru haldnir í húsakynnum Flugmálastjórnar Íslands að Skógarhlíð 12 í Reykjavík utan 1549. fundar sem haldinn var í samgönguráðuneytinu.

Ráðherra sat 1549. fund flugráðs og ráðuneytisstjóri sat 1552., 1554. og 1557. fund flugráðs.

Fulltrúi samgöngu- og sveitarstjóraráðuneytisins Karl Alvarsson situr alla jafna fundi flugráðs ásamt flugmálastjóra Péttri K. Maack auk einstakra starfsmanna Flugmálastjórnar eftir því hvaða málefni á dagskrá fundarins falla innan þeirra sérsviða. Ritari flugráðs er Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnar auk þess sem starfsmaður stofnunarinnar Ingibjörg Haraldsdóttir aðstoðar við undirbúning funda og fundargagna.

Helstu mál á dagskrá flugráðs eru eftirfarandi:

Staða útblásturstilskipunar ESB í flugi.

Rekstrarumhverfi og framtíðarhorfur íslenskra flugrekenda.

Samgöngumiðstöð.

Rekstur, fjárhags- og verkefnisstaða Flugmálastjórnar Íslands.

Flugvernd á Keflavíkurflugvelli.

Framtíðarskipan og endurskipulagning samgöngustofnana.

Sameining Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. og stofnun Isavia ohf.
Reglugerðir og lagafrumvörp til umsagnar ráðsins.

3.0 Bókanir flugráðs

3.1 Á 1553. fundi flugráðs 17. desember 2009

Vegna nýrrar stöðu varðandi aðlögun á útblásturstilskipun ESB í flugi.

Útblásturstilskipun ESB í flugi hefur lengi verið til ítarlegrar umfjöllunar innan flugráðs og áhersla lögð á að óskað yrði eftir undanþágu fyrir íslenskt innanlandsflug frá þátttöku í kerfinu. Vegna aðstæðna á Íslandi, þá er hætt við að íþyngjandi aðgerðir til að draga úr ferðalögum með flugi myndu stuðla að meiri notkun einkabifreiða á lengri leiðum og þar með auka heildarútblastur CO₂ á Íslandi og veikja umferðaröryggi.

Flugráð getur þess vegna ekki mælt með að horfið verði frá fyrri ákvörðun stjórnvalda um að óska eftir aðlögun og undanþágu frá þátttöku í tilskipuninni.

Flugráð samþykkir að eftirfarandi verkefni, sem hafa verið til ítarlegrar umfjöllunar á fundum ráðsins, fái skjóta úrlausn:

- Að samgöngumiðstöð verði reist við Reykjavíkurflugvöll.
- Að strax verði leitað eftir undanþágum fyrir Ísland frá útblásturstilskipun ESB í flugi samkvæmt fyrri bókun ráðsins þar sem áhersla er lögð á að innanlandsflugið sé m.a. undanskilið.
- Að fjárhagslegur grundvöllur Flugstoða og Keflavíkurflugvallar verði tryggður.
- Að fjárhagsleg rekstrarskilyrði flugfélaganna verði treyst, áframhaldandi áhersla verði lögð á gerð loftferðasamninga og ráðstöfunum beitt til að sporna gegn því að flugfélögin flytji starfsemi sína úr landi.
- Að hugað verði sérstaklega að því að veita fé úr flugmálaáætlun til kynningar og eflingar flugöryggismála í almannaflugi í samræmi við skýrslu um verkefnastofn.
- Að standa vörð um trausta þjónustu og öryggi í flugi og tryggja að Flugmálastjórn Íslands hafi fjárhagslegt svigrúm til að veita áfram öflugna grunnþjónustu samkvæmt lögum og alþjóðlegum kröfum.

4.0 Dagskrárliðir á 1549. – 1558. fundum flugráðs

Í upphafi hvers fundar er fundargerð síðasta fundar á undan lögð fyrir, þá koma mismargir dagskrárliðir og lýkur fundi á dagskrárliðnum “önnur mál”. Á síðustu tíu fundum flugráðs hefur eftirfarandi verið á dagskrá:

4.1 1549. fundur flugráðs 29. apríl 2009

- Bókun á 1548. Fundi flugráðs 28. apríl 2009 um verkefni í fyrirrúmi.
- Skýrsla flugráðs.

4.2 1550. fundur flugráðs 12. júní 2009

- Framkvæmdir Flugstoða ohf. þ.m.t. samgöngumiðstöð í Reykjavík.
- Verkefni og rekstur Flugmálastjórnar Íslands.
- Losun Co2 í flugi.
- Rekstrarumhverfi íslenskra flugrekenda.

4.3 1551. fundur flugráðs 17. september 2009

- Nýjar lofthæfikerfur / Part M fyrir almannaflyg.
- Flugvernd.
- Framtíðarhorfur í íslenskum flugmálum.
- Drög að lögum og reglugerðum til umsagnar ráðsins:
 - Reglugerð um breytingu á reglugerð um flugvernd nr. 361/2008 ásamt síðari breytingum.
 - Reglugerð um ákvarðanir varðandi framkvæmd flugverndar sem leynt skulu fara.

4.4 1552. fundur flugráðs 15. október 2009

- Framtíðarskipan stofnana samgöngumála.
- Staða útblásturstilskipunar ESB í flugi.
- Samgöngumiðstöð.
- Nýjar lofthæfikerfur /Part M fyrir almannaflyg.
- Flugvernd.
- Frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa.
- Drög að lögum og reglugerðum til umsagnar ráðsins:
 - Drög að reglugerð til innleiðingar á reglugerð (EB) nr. 1056/2008 um breytingu á reglugerð nr. 205/2007 *um lofthæfi- og umhverfissvottun lofffara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, ásamt síðari breytingum.*

Drög að reglugerð til innleiðingar á reglugerð (EB) 1057/2008 um breytingu á reglugerð nr. 206/2007 um viðvarandi lofthæfi loftfara og flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði, ásamt síðari breytingum.

Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 631/2008 um starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu. Með reglugerðinni er innleidd reglugerð EB nr. 482/2008 um kerfi til að tryggja öryggi hugbúnaðar sem veitendur flugleiðsöguþjónustu munu taka í notkun og um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2096/2005.

4.5 1553. fundur flugráðs 17. desember 2009

- Breyting á brunavörnum á Reykjavíkflugvelli.
- Ný staða varðandi aðlögun að útblásturstilskipun ESB í flugi.
- Samgöngumiðstöð.
- Fjárhagsstaða Flugmálastjórnar Íslands.
- Flugvernd.
- Drög að lögum og reglugerðum til umsagnar ráðsins:

Til umsagnar drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 53/2006 um tilkynningarskyldu flugslysa, alvarlegra flugatvika og atvika. Með breytingunni eru innleiddar í íslenskan rétt tvær EB reglugerðir. Annars vegar reglugerð nr. 1321/2007 um reglur um framkvæmd skráningar upplýsinga um atvik í almenningsflugi, sem skiptist er á í samræmi við tilskipun 2003/42/EB, í miðlægt gagnasafn og hins vegar reglugerð nr. 1330/2007 um reglur um framkvæmd miðlunar upplýsinga til hagsmunaaðila um atvik í almenningsflugi sem um getur í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2003/42/EB. Í báðum felst því nánari útfærsla á tilskipun 2003/42/EB um tilkynningu atvika í almenningsflug.

Til umsagnar drög að reglugerð um flugsýningar sem koma til með að leysa af hólmi reglugerð nr. 442/1976 um flugsýningar og flugkeppni. Gildandi reglugerð nr. 442/1976 er orðin úrelt og þarfnaðist endurskoðunar með tilliti til nýrra krafna í öðrum reglugerðum, svo sem flugvallareglugerð nr. 464/2007. Reglugerðin hefur lagastoð í 3. mgr. 76. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og tekur til hverskonar auglýstra flugsýninga sem opnar eru almenningi og fara fram á íslensku yfirráðasvæði með íslenskum eða erlendum loftförum.

Til umsagnar drög að endurskoðaðri reglugerð um fallhlífarstökk sem fellir úr gildi reglugerð nr. 440/1976 sama efnis, með síðari breytingum. Reglugerðin hefur lagastoð í 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998.

4.6. 1554. fundur flugráðs 24. febrúar 2010

- Staðan í íslenskum flugmálum og horfur á árinu 2010.

4.7 1555. fundur flugráðs 9. mars 2010

- Sameining Flugstoða ohf og Keflavíkurflugvallar ohf í nýtt fyrirtæki Flug-Kef ohf.
- Útblástursmál í flug.
- Drög að lögum og reglugerðum til umsagnar ráðsins:

Drög að frumvarpi til laga *um breytinga á lögum um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum.*

4.8 1556. fundur flugráðs 8. apríl 2010

- Loftferðasamningar.
- Samgöngumiðstöð.
- Hugsanlegur rekstur óvopnaðra herþotna á Keflavíkurflugvelli.

4.9 1557. fundur flugráðs 17. maí 2010

- Áhrif af eldgosinu í Eyjafjallajökli og helstu ráðstafanir.
- Lagafrumvarp um nýja samgöngustofnun.

4.10 1558. fundur flugráðs 7. júní 2010

- Samgönguáætlun.